

ÁRSSKÝRSLA HAUKADALS 1983

Janúar 1985

Baldur Þorsteinsson

## 1. Veðurfar.

Veturinn var mjög snjóþungur. Frá áramótum og fram í apríl var mjög mikill snjór á jörðu, þótt talsverð hláka væri oft í febrúar. Apríl og maí voru mjög þurrir og kaldir, einkum apríl. Síðasta snjóinn heima við starfsmannahús tók upp 4. júní. Frá því í byrjun júní og til mánaðamóta ágúst-sept. var óvenju kalt og vatusamt miðað við árstíma. Á Jaðri, austan við Hvítá, var meðalhiti júlímánaðar 8.7°C og úrkoma 135% af meðaltali. Á Jaðri fór hitinn hæst í 15,6°C í júlí. Sumarhiti á Hæl í Hreppum var 2.5°C undir meðallagi. Í Haukadall kom lítilsháttar frost aðfararnótt 18. júlí. Jörð varð alhvít um miðjan október, en þann snjó tók upp aftur fyrir mánaðarlok. Í byrjun november fór aftur að snjóa. Þann 9. nóv. kom mikill jafnfallinn snjór, og þann 10. fór hitinn niður í -10°C. Næsta dag bætti enn á snjóinn svo dýptin af jafnföllnum snjó var 35-40 cm. Þann snjó tók upp aftur, og síðan kom ekki meiri snjór fyrr en í desember.

## 2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

Birkið í reit 4514 laufgaðist 18. júní og heimakjarrið um svipað leyti. Lauffall varð um 20. sept. í kjarrinu, en seinna í Bæjarstaðbirkinu (4514).

Árssprotar voru óvenjustuttir, einkum á birki og rauðgreni. Vöxtur sitkagrenis og stafafuru var í tæpu meðallagi. Þó má greina aukinn vaxtarhraða í því sitkagreni, sem borið var á s.l. sumar. Skemmdir af völdum veðráttu voru mjög litlar, þó var smávegis snjóbrott í Svartagilshvammi.

## 3. Starfsfólk.

Alls komust 17 manns á launaskrá, þar af 5 í eina viku eða skemur. Gunnar Hermannsson, starfsmaður á Grundarhóli vann alls í 4 vikur í febr.-mars að viðgerðum á M 2897. Hinir 11, sem unnu lengur en eina viku skiptust þannig á mánuði:

jan.	f ebr.	mars	apr.	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
0	0	0	0	0-2	6	6	6	0	2	3	0

Vinnustundir urðu alls 4.700.

## 4. Girðingar.

### 4.1. Viðhald.

Vesturhlið skógargirðingar er orðin léleg, en telst fjárheld og var litlu kostað til viðhalds. Ágangur sauðfjár fer minnkandi vegna fækkunar þess á næstu bæjum.

## 5. Skógarhögg.

### 5.1. Jólatré.

Alls voru felld um 1.000 tré, 940 rauðgreni og 60 stafafurur. Furan var öll sótt í Kotmýrina, en rauðgrenið aðallega í Miðhlið og Stekkjarhlið auk nokkurra trjáa við Miðskógargil. Skipting eftir stærðum og kaupendum annars vegar og hins vegar reitum er sýnd í tveimur töflum hér á eftir.

Seld jólatré 1983. Stærð. Tegund. Kaupendur.

Stærð m	Rauðgreni Landgrsj.	Skf. Rvk.	Alls	Stafaf. Landgrsj.
0.70-1.00	19	20	39	
1.01-1.25	135	70	205	17
1.26-1.50	146	99	245	19
1.51-1.75	115	104	219	13
1.76-2.00	49	57	106	5
2.01-2.50	26	19	45	2
2.51-3.00	34	1	35	
3.01-4.00	4		4	
4.01-5.00	7			
Alls	555	370	925	56

Rauðgreni fellt í neðantöldum reitum:

Reitur nr.	Fjöldi stk.	Reitur nr.	Fjöldi stk.
1011	66	2012	5
1012	70	2014	20
1014	20	2015	20
1015	10	2020	20
1022	5	2031	5
1033	30	2041	35
1034	60	2062	74
1041	160	2071	215
1042	25	6076	15
1052	70	6170	15

Fáein tré gengu úr og nokkur voru afhent ókeypis til starfsmanna eða alls 15 tré.  
Meðan unnið var við jóltrén, þá ringndi töluvert, og veður var fremur hlýtt miðað við árstíma.  
Trén voru flutt með bílum frá Tumastöðum og Selfossi.  
Launakostnaður við jólatré var um kr. 43.000. Söluverð trjána að frádregnum söluskatti og afslætti nam kr. 322.776. Launakostnaður varð því um 13% af söluverði.

5.2. Grisjun.

Um helmingur birkilundarins á Vesturmóa (4514) var grisjaður í október. Tók sú vinna 3 daga fyrir 1 mann. Eftir er að afkvista bolina og draga út.  
Rásir voru sagaðar í kjarrið innan við malarnámuna hjá Melhól. Svæði þetta er um 2 ha. Rásirnar fylgja nokkurn veginn hæðarlínum.

6. Gróðursetning.

Alls voru gróðursettar sky. uppgefnum tölum 50.390 plöntur. Yfirleitt var gróðursett í ný svæði nema í reit 2124. Þar var lerki gróðursett í eyður, sem voru í rauðgrenigróðursetningu frá 1964.

Kvenfélagskonur gróðursettu á annað hundrað lerkiplöntur við Langamel.

Um 700 hnausar af lúpínu voru gróðursettir með nálægt 20 m millibili í brúnir og efst í rof í Sandfelli allt frá Skotmannsvörðum og inn á svæði Landgræðslu ríkisins innan við Kistu. Hæst náði þessi gróðursetning í allt að 500 m hæð upp við Kistu.

Gróðursetning 1983:

Reitur	Tegund	Kvæmi	Frænr.	Aldur	Gerð	Grst.	Fjöldi
2124	Rússal.	MoDo	C 018-	2/2	mb.	Tst.	4.820
2125	--	--	C 054	-	-	-	2.420
2128	--	--	-	-	-	-	4.100
2129	--	--	-	-	-	-	16.800
2200	--	--	-	-	-	-	5.400
6024	--	--	-	-	-	-	400
6042	--	--	-	-	-	-	100
2129	--	--	C 018	2/2	beð	-	1.850
7020-7030	--	--	-	-	-	-	1.000
1090	Stafaf.	Skagw.	C 023	2/1	mb.	-	3.480
7020-7030	--	Haines	B 908	2/2	beð	-	3.600
2060	Blágr.	Highw.S	- 825	2/4	-	Hall.	575
4060	--	--	-	-	-	-	375
4513	--	--	-	-	-	-	50
2013	Rauðgr.	Hemnes	- 805	2/2	-	-	190
2060	--	--	-	-	-	-	810
2060	--	Jökull.	- C 032	2/2	-	-	1.000
2060	Sitkagr.	Hall./Cord-	020	2/2	-	Tst.	500
4513	--	--	--	-	-	-	500
4518	--	--	--	-	-	-	20
4050	--	--	--	-	-	-	2.400

Alls 50.390

Fræi nr. C 032, rauðgreni, Jökullæk, er safnað af trjám, sem gróðursett voru árið 1908 og eru sennilega af sænskum uppruna.

Í reitum 7020-7030 er bætt inn í eldri gróðursetningar. Í reit 2124 var bætt inn í eyður eins og áður var nefnt.

7. Umhirða.

7.1. Kjarrhreinsun.

Klippt var frá ungu rauðgreni á um 9 hektörum lands, sem hér er talið:

Reitur	flm. ha	Reitur	flm. ha
1072	0.7	2124	6.0
1083	0.5	2113-2119	1.0 (neðst)
2122	0.3	2120	0.2
2123	0.2		

Síðari hluta sumars voru keyptar 3 Jonsereds kjarrsagir. Menn komust ekki upp á lagið með að skerpa þau sagarblöð, sem ætluð eru fyrir sagirnar svo afköst urðu minni en ella hefðu orðið. Þá var tekin upp notkun karbitblaða til þess að losna við skerpinguna. Afköst við rásasögun jukust verulega eða um helming að sögn verkstjóra, þegar sagaðar voru rásir.

## 7.2. Áburðargjöf.

Þetta ár var aðeins handdreift 3 tonnum af áburði. Af Græði 1A var borið á 1 tonn dagana 22.-23. ágúst. Af Græði 2 voru borin á 2 tonn dagana 7.-23. júní.

Ætlast var til, að áburðarskammturinn væri þeim mun meiri, sem trén voru stærri, og skammturinn væri 75-150 g á tré. Á s.l. ári voru borin um 30 g á tré í reit 1033 þar sem trén eru 2-3 m á hæð. Þessi skammtur dugði ekki til þess, að trén tækju litarbreytingum.

Nær eingöngu var borið á rauðgreni og þá fyrst og fremst á þau tré, sem líkleg þóttu til þess að verða jólatré.

## Áburðargjöf 1983.

Reitur	Kvæmi	Grs.ár	Áb.teg.	Skýringar
1033	Andselv	1955	Gr. 1A	Stekkjarhl. Öll tré.
1034	Leirfj.	1961	- -	---
1041	--	--	Gr. 2	---
1042	N.Helgel.	--	- -	---
1052	Leirfj.	--	- -	---
1084	Sew.	1963	Gr. 1A	Kolabr., sitkagreni.
2015	Bindal	1958	- -	Miðhlið.
2019		1962	- -	"Hólmar".Óviss staðsetn.
2020	N.Helgel.	--	- -	Borið á öll tré
2025		1957	- -	-- - - -
2031	N.Nor.	1951	- -	Stekkjarhl., neðan vegar.
2041	Leirfj.	1961	Gr. 2	-- - -
2051	--	1962	- -	-- - -
2062	RKED	1963	- -	Austan Stekkjartúns.
2071	Snåsa	1962	- -	-- ---
2091	RK	1963	- -	Vestan Stóru-fungu.
2101	RK	--	- -	Stóra-tunga. Smáhl. reits.
2124	N.Tr.lag	1964	- -	Ekki borið á 1.5 ha.

## 8. Byggingar.

Heimtaug í starfsmannahús var var tengd um mánaðamót maí-júní. Keypt var Grundfos dæla CP2 - 30 K, einfasa. Verð kr. 4.879,25. Þá var lagður jarðstrengur frá starfsmannahúsi niður að hvern- um við Kaldalæk. Tekin var af upphitun kalds vatns með for- hitara í hvernum, því tæringar var orðið vart í ofnum. Er heita vatninu nú dælt beint úr þrónni upp í húsin. Keypt var rafmagnseldavél frá Rafha á kr. 10.292 og notuð ís- kista á kr. 5.000.

## 9. Vélar og verkfæri.

Umdæmið fékk í ársbyrjun til afnota Toyota Landcruiser, árgerð 1972, sem notuð hafði verið í Skorradal frá því hún var keypt

til landsins. Skrásetningarnúmerið M 2897 fylgdi bílnum og þótti ekki ástæða til að breyta því. Bíllinn var orðinn fremur rytjulegur, en samilega akfær. Var dyttað að honum eftir bestu getu áður en hann var sendur austur. Rekstrar- og viðhaldskostnaður nam kr. 33.598.

Eins og áður er skýrt frá, þá voru keyptar þrjár kjarrsagir. Einnig var þess getið, að skipt hefði verið um blöð í sögunum og sett í þær karbitblöð í stað þeirra blaða, sem ætluð voru í sagirnar. Það hefir sýnt sig, að með notkun karbitblaða verður álag á sagirnar allt of mikið og bilanir verða tíðar. Með réttri meðferð á þeim blöðum, sem ætluð eru fyrir þessar sagir, þá endast sagirnar betur og vinnan verður léttari en með notkun karbitblaða.

#### 10. Annað.

Stjórn NSR (Nordiska skogsarbetsstudiernas råd) ásamt fleiri gestum eða um 30 manns komu í heimsókn um verzlunarmannahelgina og skoðuðu elstu lundina í Haukadal.

Nýútskrifaður breskur skógfræðingur, Peter Upton, vann í Haukadal í 3 vikur á vegum tilraunastöðvarinnar á Mógilsá við að merkja og mæla mælingareiti.

Í framhaldi af brautum Skógræktar ríkisins í Haukadal er vegur inn Haukadalsheiði þar sem unnt er að komast inn á svo nefndan línuveg, en hinn eiginlegi línuvegur liggur frá Gullfossvegi til norðurs og síðan til vesturs yfir Ásbrandsá. Landsviekjun hafði verið heimilað að nota leiðina um Haukadal inn á línuveg, þegar Ásbrandsá var ófær. Höfðu þeir að því tilefni lagfært slóðina um Haukadal mjög mikið. Menn hafa sótt mjög í að fara þessa leið á alla vega bílum og jafn vel, þegar leiðin var allt að því ófær. Reynt hefir verið að takmarka óviðkomandi umferð og hefir Vegagerð ríkisins (vegaeftirliti) verið bent á þetta. Svar vegaeftirlits var mestan part skátingur og hefir eftirlitsmaður haldið því að almenningi, að leið þessi sé öllum opin.

Skýrsla þessi er tekin saman eftir frumdrögum verkstjórans, Sigvalda Ásgeirssonar, sem kom til starfa á þessu ári sem verkstjóri í Haukadal.

Janúar 1985

Baldur Þorsteinsson